

Reykjanesbær  
Tjarnargata 12  
Reykjanesbær  
v.t. Unnar Steinn Bjarndal

Reykjavík, 17. október 2023

### Málefni: Gatnagerðargjöld og lóðaleiga vegna Stapabrautar 2, Reykjanesbæ

Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir (FSRE) er með áformað að fá byggt fyrir sig heilsugæslu í Reykjanesbæ. Er það liður í því að mæta þörfum svæðisins þegar kemur að heilbrigðisþjónustu.


Vegna þessara áforma og á grunni forathugunar var valin lóðin Stapabraut 2, Reykjanesbæ undir heilsugæslustöðina.

Til að hrinda þessu í framkvæmd hefur farið fram forval og bíða þátttakendur forvalsins eftir því að fá útboðsgögn. Ætlast er til þess af bjóðendum útboðsins að þeir taki að sér að hanna og byggja heilsugæslu á einni hæð og leigja til FSRE til 25 ára.

Samkvæmt 1. mgr. 32. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 skal kostnaður við byggingu og búnað heilsugæslustöðva greiðast úr ríkissjóði. Skv. 2. mgr. 32. sömu laga láta sveitarfélög í té lóðir undir heilsugæslustöðvar ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalda og lóðaleigu.

Með vísan til 2. mgr. 32. gr. laga nr. 40/2007 er óskað eftir því að lóðin verði afhent með lóðaleigusamningi án greiðslu gatnagerðargjalds og lóðaleigu.

Virðingarfyllst,  
f.h. FSRE

  
Hjalti S. Mogensen